



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði
til heiðurs Norðurlandaráði
6. nóvember 2000**

Heiðruðu forsætisráðherrar, ráðherrar
Þingmenn
Góðir gestir

Það er sérstök ánægja að fagna góðum norrænum gestum hér á Bessastöðum og heiðra hið merka hlutverk sem Norðurlandaráð hefur gegnt í að styrkja og efla samvinnu og vináttu norrænna þjóða.

Bessastaðir eru reyndar kjörinn staður til slíks fagnaðar því hér varðveitum við minjar um þúsund ára arf sem er í senn íslenskur og norrænn. Rannsóknir fornleifafræðinga sýna að um árið 900 hefur einn hinna norsku landnámsmanna hafið búsetu hér á staðnum og nokkrum öldum síðar urðu Bessastaðir heimkynni Snorra Sturlusonar, hins merka höfundar sem skrifaði sögur norrænna konunga en einnig setti saman Eddu, lærdómsrit um fornan norrænan skáldskap og varð svo höfundur snilldarverka í röð hinna merku Íslendingasagna. Um aldir var svo konungsgarðurinn hér á Bessastöðum miðstjórn stjórnslu í landinu þegar við deildum þjóðhöfðingja með norrænum frændþjóðum. Elsta húsið hér á Bessastöðum var aðsetur helsta skóla Íslands á fyrstu áratugum 19. aldar og þar spruttu rætur sjálfstæðisbaráttunnar í samræðum kennara og nemenda en skólasveinar tóku síðan þann eldmód með sér þegar þeir héldu til náms í Kaupmannahöfn.

Bessastaðir eru svo sannarlega áminning um hve samofin norræn saga hefur verið og hve lengi leiðir þjóðar okkar hafa legið saman.

Hinn mikli arfur menningar og sögu hefur verið okkur mikill styrkur við að efla samstarf á okkar tíð. Það er raunar merkilegt, og öfugt við

suma spádóma, að norræn samvinna er nú við upphaf nýrrar aldar víðtækari, kraftmeiri og raunhæfari en nokkru sinni fyrr.

Þær miklu breytingar sem orðið hafa í heimsmálum á undanförunum árum og sú fjölbætta opnun sem orðið hefur á flestum sviðum hefur í raun veitt norrænum þjóðum margvísleg ný tækifæri til að nýta kosti samvinnunnar, bæði innan Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi, í samskiptum við aðra heimshluta, í öryggismálum, friðarmálum, efnahagslegri samvinnu og fjölmörgum öðrum sviðum.

Sú mósáik að þrjár norrænar þjóðir eru í Evrópusambandinu en tvær tengjast því í gegnum Evrópska efnahagssvæðið, að þrjár eru í NATO en tvær tengjast því í gegnum samvinnu í þágu friðar, að allar vinna þjóðirnar að mannréttindum og lýðræði á vettvangi Evrópuráðsins og eru bundnar nánum böndum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hinna mörgu stofnana þeirra, felur í sér einstakt dæmi um samstarf sjálfstæðra þjóða. Við höfum öll oft heyrt hve forvitnilegt það er öðrum þjóðum að líta til norræna módelisins sem fyrirmyndar og lærdómsefnis.

Það hefur verið mér ánægjuefni að taka þátt í því með öðrum norrænum þjóðhöfðingjum að staðfesta samvinnu þjóða okkar á alþjóða vettvangi, til dæmis fyrir nokkrum vikum í New York þegar hið glæsilega Scandinavia House var opnað í borginni, ný miðstöð kynningar á norrænum málefnum, menningu og hagsmunum í Bandaríkjunum og einnig í fyrra haust þegar norrænu ríkin opnuðu saman sendiráð sín í Berlín, hinni nýju höfuðborg Þýskalands, og sýndu þar á sterkan hátt samstöðu sína í þessu forystulandi hinnar nýju Evrópu.

Heimsmyndin og hagsmunir okkar eru nú í reynd á þann veg við upphaf 21. aldar að samvinna norrænu ríkjanna hefur líklega aldrei verið jafn raunhæf og árangursrík og nú.

Því fagna ég ykkur hér á Bessastöðum og óska Norðurlandaráði allra heilla í störfum og þakka um leið þau góðu verk sem ráðið hefur unnið á löngum ferli.

Ég bið ykkur að rísa á fætur og heilla norræna vináttu, samvinnu okkar og samleið á framtíðarbraut.